

**Stofnanasamningur
milli
Stofnunar Árna Magnússonar og SFR – stéttarfélags í
almannþjónustu**

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til félagsmanna í SFR – stéttarfélagi í almannþjónustu, sem ráðnir eru til starfa hjá Háskóla Íslands. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

2. Röðun starfa í launatöflu

Um röðun starfa í launatöflu fer eftir starfsmatskerfinu SKREF. Störf raðast inn í launatöflu skv. eftirfarandi töflu:

Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.
120	006	230	017	550	028
130	007	240	018	600	029
140	008	250	019	650	030
150	009	260	020	700	031
160	010	280	021	750	032
170	011	300	022	800	033
180	012	325	023	850	034
190	013	350	024	900	035
200	014	400	025	950	036
210	015	450	026	1000	037
220	016	500	027		

2.1. Hæfnismat

Þegar starf hefur verið metið samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi, skal meta hæfni starfsmanna sem er umfram það sem starfið krefst.

Yfirmaður metur hæfni starfsmanna sinna í samráði við starfsmatsstjóra. Matið er gert við fastráðningu í starf og er endurskoðað í árlegu starfsmannasamtali og við lok árs mats hverju sinni.

Eftirfarandi þættir eru metnir í hæfnismati:

A – Þekking

1. Menntun, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

a) Formlegt háskólanám

Diplómanám – 45 einingar	20 stig
Háskólapróf BA/BS – 90 einingar	40stig
Háskólapróf BA/BS – 120 einingar	50 stig
Háskólapróf MA/MS eða sambæril.	70 stig
Háskólapróf Dr. eða sambæril	90 stig

b) Annað nám á háskólastigi

Stakar einingar sem ekki hafa þegar verið metnar í formlegu háskólanámi.
Hverjar 5 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 45 einingum.

c) *Starfsnám/símenntun*

Nám, allt að 60 klst.	4 stig
Nám, allt að 120 klst.	8 stig
Nám, allt að 200 klst.	16 stig

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun sem er eldra en tíu ára.

2. Fyrri reynsla, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

Við upphaf ráðningar skal meta fyrri reynslu sem nýtist í starfi. Hér er aðallega átt við starfsreynslu þar sem hvert ár er metið til 4 stiga, að hámarki 32 stig alls. Önnur reynsla, sem nýtist í starfi, getur einnig komið til mats að hámarki 32 stig. Fyrri reynsla verði því metin mest í hæfnismati 32 stig.

B - Árangur í starfi

Stig úr árlegu ársmati koma til uppsöfnunar, að lágmarki 4 stig á ári fyrir fullt starf og að hámarki 7 stig á ári.

3. Endurskoðun

Endurskoða skal samning þennan í samræmi við 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

4. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2007.

18. apríl 2007

Fh. SFR – stéttarfélag í almannþjónustu
(sign.)

Fh. Stofnun Árna Magnússonar
(sign.)